



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Viðmið um hámarksfjölda reykvískra barna sem greitt er framlag vegna í grunnskólanum Framsýn

Á fundi skóla- og frístundaráðs 26. október 2016 var lagt fram bréf sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 19. október 2016, þar sem lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem greitt er framlag vegna í grunnskólanum Framsýn verði breytt. Lagt er til að miðað verði við að hámarksfjöldi reykvískra nemenda sem greitt er framlag vegna geti orðið 5 á skólaárinu 2016-2017.

Greinargerð fylgir.

Jafnframt var lagt fram tölvubréf frá grunnskólanum NÚ – Framsýn, dags. 21. október 2016, ósk um heimild fyrir fimm nemendur með lögheimili í Reykjavík skólaárið 2016-2017.

Ákvörðun um viðmið er tímabundin til 1. júlí 2017, fyrir þann tíma verður tekin ákvörðun um framlengingu eða endurskoðun á fyrirkomulaginu.


Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs í bréfi, dags. 19. október 2016, um viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem greitt er framlag vegna í Framsýn auk fyrirvara, samþykkt með fimm atkvæðum Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokkssins og vísað til borgarráðs. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina situr hjá.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúa Framsóknar – og flugvallarvina þykir miður að grunnskólanemendur með lögheimili í Reykjavík þurfi að leita til nágrannasveitarfélaga, hér til Hafnarfjarðar, til að sækja grunnskólamenntun þar sem sérstök áhersla er lögð á íþróttir og notkun tölvu- og upplýsingatækni í námi. Þessi mikilvægu atriði fyrir nútíð og framtíð, íþróttaiðkun grunnskólanema og færni í notkun tölvu- og upplýsingatækni í nútíma þekkingarleit og námsvinnu, ættu að vera forgangsmál í metnaðarfullum og framsýnum reykvískum grunnskólum.

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Tillöggunni er hér með vísað til borgarráðs

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Bréf sviðsstjóra, dags. 19. október 2016

Tölvubréf frá grunnskólanum NÚ - Framsýn, dags. 21. október 2016

Reykjavík, 19. október 2016
SFS2016040020
107. fundur / fskj. 1/2
HG/gst/gs

Bréf

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga um að hækkað verði viðmið um hámarksfjölda reykvískra grunnskólanemenda sem greitt er framlag vegna til sjálfstætt rekins grunnskóla utan Reykjavíkur, Framsýn.

Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem greitt er framlag vegna í grunnskólann Framsýn verði breytt. Lagt er til að miðað verði við að hámarksfjöldi reykvískra nemenda sem greitt er framlag vegna geti orðið 5 á skólaárinu 2016-2017.

Greinargerð:

Á 102. fundi skóla- og frístundaráðs þann 10. ágúst 2016 var samþykkt tillaga sviðsstjóra um viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem greitt er framlag vegna í Framsýn auk fyrirvara. Viðmið um hámarksfjölda eru tveir. Ákvörðun um viðmið er tímabundin til 1. júlí 2017, fyrir þann tíma ber að taka ákvörðun um framlengingu eða endurskoðun á fyrirkomulaginu. Skóla- og frístundasviði höfðu þá borist umsóknir foreldra tveggja nemenda á grunnskólaaldri um skólavist fyrir þá í Framsýn. Borgarráð samþykkti erindið þann 18. ágúst 2016. Aðeins annar þessara nemenda hóf nám í Framsýn í haust. Nú hafa umsóknir foreldra tveggja nemenda á grunnskólaaldri borist til viðbótar og hefur Framsýn óskað eftir heimildin verði hækkuð í 5 nemendur.

Skólinn hefur fengið viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytis og gerður hefur verið þjónustusamningur við Hafnarfjarðarbæ um að greitt verði framlag vegna 45 nemenda með lögheimili í Hafnarfirði. Fram kemur á heimasíðu skólans að skólinn vilji veita unglungum tækifæri til að samtvinnu íþróttáhuga sinn og grunnskólanám þar sem nemandinn sinnir námi sínu af sama áhuga og íþróttinni. Með nútímatækni og nýjum kennsluaðferðum veiti skólinn nemendum frelsi til að nálgast námið á eigin forsendum. Vilji sé til að skapa umhverfi þar sem nemendur finna til ábyrgðar, áhuga, heilbrigði og umfram allt ánægju. Fram hefur komið að skólinn telji sig geta tekið á móti 40 nemendur þetta skólaárið en tölur fyrir næsta skólaár liggi ekki fyrir. Fyrirsvarsmaður skólans hefur jafnframt upplýst um að skólinn fallist á umsóknir framangreindra reykvísku nemenda að því gefnu að greitt verði framlag frá Reykjavíkurborg.

Þar sem um er að ræða nýjan skóla með þá sérstöðu að nám og íþróttir eru samtvinnaðar er lagt til að fallist verði á að greitt verði framlag til skólans. Ekki er hægt að leggja til viðmið um hámarksfjölda byggða á fyrri reynslu en lagt til að miðað verði við að hámarksfjöldi

reykvískra nemenda sem greitt er framlag vegna geti orðið 5 til samræmis við þær umsóknir sem nú liggja fyrir og að auki sé gert ráð fyrir svigrúmi til viðbótar á þessu skólaári.

Takmarkanir á fjölda reykvískra nemenda í sjálfstætt rekna grunnskóla utan Reykjavíkur

Skóla- og frístundaráð samþykkt á fundi sínum þann 27. apríl sl. að setja takmarkanir á fjölda reykvískra nemenda sem greitt er framlag vegna til sjálfstætt reknum grunnskólum utan Reykjavíkur. Ákvörðuninni var vísað til borgarráðs sem samþykkti erindið 11. ágúst 2016.

Með lögum nr. 76/2016, sem tóku gildi 28. júní sl. var gerð breyting á grunnskólalögum nr. 91/2008 og varðar breytingin m.a. sjálfstætt rekna grunnskóla. Sem áður er ekki gert ráð fyrir að gerður sé þjónustusamningur milli sveitarfélags og grunnskóla sem staðsettur er utan sveitarfélags.

Í 1. mgr. 43. gr. b laga um grunnskóla kemur fram að sjálfstætt rekinn grunnskóli sem gert hefur þjónustusamning skv. 43. gr. a eigi rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem hafa lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar í. Skal framlagið nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjöldu.

Með vísan til þessa var ekki gerð breyting á fjárfamlögum til sjálfstætt rekina grunnskóla að því undanskyldu að frá og með 1. janúar 2017 skal útreikningur Hagstofu Íslands liggja fyrir fimmta dag hvers mánaðar og byggjast á næsta mánuði á undan og taka mið af verðlagsbreytingum. Fram að þeim tíma fer útreikningur fram árlega.

Með vísan til framangreinds er ekki gert ráð fyrir að samningur sé gerður milli sveitarfélags og grunnskóla utan sveitarfélagsins og á sveitarfélagið því ekki aðkomu að málum sem varða innritun, gjaldtöku eða skólagöngu barnsins, m.a. vegna þeirrar sérfræðiþjónustu sem hlutaðeigandi barn kann að þurfa. Þetta hefur m.a. þau áhrif að sveitarfélag getur ekki í þjónustusamningi takmarkað þann fjölda nemenda sem sækja sjálfstætt rekinn grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags líkt og kveðið er á um að heimilt sé að gera í þjónustusamningi gagnvart sjálfstætt reknum grunnskóla í viðkomandi sveitarfélagi.

Þrátt fyrir framangreint er það mat skóla- og frístundasviðs að sveitarfélagi sé heimilt á grundvelli framangreinds lagaákvæðis í grunnskólalögum og stjórnarskrárvarins réttar sveitarfélaga til sjálfstjórnar skv. 78. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 að takmarka fjárfamlög sín til sjálfstætt rekina grunnskóla utan sveitarfélagsins en tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir, sbr. einnig 1. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Í þjónustusamningum sem samþykktir voru í skóla- og frístundaráði og borgarráði í september 2015 við sjálfstætt rekna grunnskóla í Reykjavík voru fjöldatakmarkanir miðaðar við að fjöldi reykvískra nemenda sem greitt er framlag vegna yrði að hámarki eins og fjöldinn hafði verið mestur sem greitt hefur verið framlag vegna hjá viðkomandi skóla á s.l. tíu ár árum að viðbættum 10 %.

Kostnaður skóla- og frístundasviðs

Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskólum, sem reknir eru af sveitarfélögum, var kr. 1.719.292 í september 2016. Miðað við að greitt sé 75% af þeiri fjárhæð er árlegt framlag sveitarfélags á hvern nemanda í sjálfstætt reknum grunnskóla kr. 1.289.469 .-

Fastur kostnaður Reykjavíkurborgar vegna hvers nemanda að því gefnu að pláss sé fyrir hann í grunnskóla Reykjavíkurborgar er u.þ.b. 679.000- eða u.þ.b.35% af áætluðum árlegum rekstrarkostnaði á hvern nemanda í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Fyrirvarar og gildistími:

Tekið er fram að með samþykkt viðmiðs um hámarksfjölda er ekki fallið frá óskilyrtum rétti sveitarfélagsins til að synja einstaka umsóknum um skólavist í grunnskóla utan lögheimilis sveitarfélags. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun. Áskilinn er allur réttur til endurskoðunar verði breytingar á starfsumhverfi sjálfstætt rekinna grunnskóla.

Lagt er til að ákvörðun um viðmið verði tímabundin til 1. júlí 2017 og að fyrir þann tíma verði tekin ákvörðun um framlengingu eða endurskoðun á fyrirkomulaginu.

From: Sigriður Kristjánsdóttir [<mailto:sigridur@framsynmenntun.is>]
Sent: 21. október 2016 15:50
To: Helgi Grímsson
Subject: Re: Ný umsókn um skólavist í sjálfstætt starfandi skóla

Skóla og frístundasvið Reykjavíkur

Helgi Grímsson, sviðsstjóri

Efni: Umsóknir um skólavist í NÚ.

Vegna aukinna umsókna um skólavist í NÚ, frá reykvískum nemendum, óska skólastjórnendur NÚ (Framsýn skólafélag ehf), eftir rýmkun heimilda gagnvart umsækjendum sem lögheimili eiga í Reykjavík.

Fyrir liggur heimild frá borginni um að greiða framlag vegna tveggja reykvískra nemenda. Hér með er óskað eftir að heimildin verði aukin upp í fimm nemendur frá Reykjavík fyrir skólaárið 2016 - 2017.